

Skólaárið 2011-2012

# Fundur í Foreldra- oghollvinafélagi Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 26. apríl 2012 kl. 17:00 í húsnæði skólans

Mættir voru Pétur Heimisson formaður sem stýrði fundi, Karl S. Lauritzson meðstjórnandi sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara, Sigrún Þorsteinsdóttir gjaldkeri og Helgi Ómar Bragason skólameistari.

Þrátt fyrir að aðeins helmingur aðalfulltrúa hafi mætt, var löglega boðað til fundarins og með nægum fyrirvara.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og gerðu menn ekki athugasemdir.

Gjaldkeri kynnti stöðu félagsins og tiltók formaður að félagið ætti inni styrk hjá Arion banka. Fjárhagsstaða félagsins er góð.

Pétur kynnti ferð sína norður heiðar á fund félagsins Heimili og skóli, sem haldinn var á Akureyri. Var þetta í fyrsta sinn sem foreldrafélögum framhaldsskóla er boðin þátttaka á fundi félagsins og verður það gert framvegis. Kynnti hann fyrir fundarmönnum fyrirkomulag með „edrupott“ á danssamkomum skólans. Leist öðrum fundarmönnum svo vel á, að félaginu var boðið að senda inn grein um pottinn sem birtist í næsta fréttablaði félagsins.

Rædd var aðkoma félagsins að kynningardegi ME þann 29. apríl nk. Pétur fór yfir aðkomu félagsins og voru fundarmenn því samþykkir að leggja atburðinum til fjármagn og styrkja komu Árna Einarssonar fyrirlesara sem heldur tölu um forvarnir í skólum.

Rætt var hvort koma ætti á samstarfi milli foreldrafélaga á svæðinu, annars vegar á milli mismunandi skólastiga á Héraði og hins vegar við foreldrafélag Verkmenntaskóla Austurlands. Rætt var um hvað slíkt samstarf gæti snúist. Niðurstaðan varð sú, að formanni var falið að taka upp viðræður við formann foreldrafélags Verkmenntaskólans

Umræður voru um, hvort ávinningur yrði af því, að kynna starfsemi félagsins inn á fundi sem haldin er í upphafi skólaárs með foreldrum. Voru fundarmenn sammála um að það væri til bóta. Virkja þarf foreldra betur í starfsemi félagsins.

Rædd var slök mæting foreldra á „röltið“. Talið nauðsynlegt að koma upp öðru fyrirkomulagi við boðun og skipulag. Leist fundarmönnum vel á, að keypt yrðu sérstök vesti til að aðgreina „vaktmenn“ og gera þá sýnilegri. Rædd var nauðsyn þess að útbúa leiðbeinandi reglur fyrir foreldra að styðjast við varðandi hlutverk í foreldraröltinu. Talið

var æskilegt að lögreglustjóri læsi slíkar reglur yfir. Tók Karl að sér að útbúa drög að slíkum reglum og senda á stjórnina.

Skólameistari sagði að 86 nemendur væru forskráðir í skólann næsta haust og teljast það ágætar heimtur.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 18:30.

# Stjórnarfundur í foreldra - hollvinafélagi ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum 2. október 2011.

Mætt: Karl S Lauritzson, Sigrún Þorsteinsdóttir, Jóhanna M Agnarsdóttir, Jóhann Jónsson.

Pétur Heimisson tilkynnti forföll

Fundurinn var haldinn Kl. 17:00.

Lesið var upp fundargerð aðalfundar sem haldinn var 4.september 2011.

1. Í upphafi skipti stjórnin með sér verkefnum. Pétur er formaður, Jóhanna ritari og Sigrún er gjaldkeri. Jóhann Jónsson meðstjórnandi og Ólafur Þ Pálsson varamaður.
2. Áheyrnarfulltrúi í skólanefnd er Karl S. Lauritzson.
3. Talað var um foreldrarölt og voru allir sammála því að reyna að gera það virkara. Karl ætlar að taka að sér að skrifa orðsendingu sem verður send á foreldra og forráðamenn nemenda og hvetja þá til að taka þátt í því sem foreldra – hollvinafélag ME er að gera.
4. Rætt var um hvernig krökkunum líkaði í skólanum og á heimavistinni og einnig um mótuneytið. Voru allir sammála um að börnin væru ánægð með þetta allt að mestu. En vorum við að velta fyrir okkur í sambandi við mótuneyti að það væri ansi langur tími frá hádegismat og fram að kvöldmat að fá ekki neitt að borða. Spurningin er hvort ekki væri hægt fyrir krakkana að fá ávexti eða eina til tvær brauðsneiðar þegar kennslu lýkur um miðjann daginn. Þannig að ekki væri verið að fara í sjoppurnar og þess háttar til þess að fá sér að borða, því þá er fengið sér svo mikið að menn eru kanski saddir þegar kemur að kvöldmat og hafa þá ekki mikla matarlyst?
- 5.

Fleira ekki rætt og fundi slitið: Jóhanna ritari.

---

---

# Aðalfundur í foreldra – hollvinafélagi ME haldin í Menntaskólanum á Egilsstöðum 4 september 2011, haldin í matsal ME klukkan 18:00.

Mætt: Þorsteinn Óli fomaður, Karl, Þórstína, Pétur og Nína en Linda (boðaði fjarveru). Góð mæting var á fundinn. Fundurinn byrjaði seinna en áætlað var vegna nýnemafundarinnis sem haldinn var á undan. Helgi Ómar skólameistari kom okkur á óvart og bauð fundarmönnum uppá ljúffengt kaffihlaðborð. Þegar fundarmenn höfðu fengið sé kaffi var fundurinn settur.

1. Þorsteinn Óli skipaði Karl sem fundarstjóra og Nínu sem ritara og fór yfir markmið foreldra og hollvinafélagsins.

2. Skýrsla formanns, Þorsteinn Óli las hana upp og sagði frá því helsta sem á daga foreldrafélagsins hefur drifið s.l. ár. Óli byrjaði á því að nefna það að Menntaskólinn á Egilsstöðum væri góður skóli þar sem væri unnið öflugt og metnaðarfullt starf og við gætum öll verið stolt af skólanum okkar. Óli sagði einnig frá því að stjórn foreldrafélagsins hefði fundað reglulega yfir skólaárið og mörg málefni rædd, gott samstarf hefði verið við skólastjórnendur og kennara. Foreldrarölt og ballvaktir og ýmsar forvarnir hefðu verið meðal þeirra verkefna sem stjórnin beitti sér fyrir.

3. Fjárhagsreikningur lagður fram Þorsteinn Óli fór yfir hann og var reikningurinn samþykktur. Hollvina og foreldrafélagið fær inn peninga með styrkjum frá velunnurum og hafa peningarnir verið notaðir til þess að styðja við skólastarfið meðal annars edrúpottinn.

4. Kosning nýrrar stjórnar. Þeir sem eru nú að víkja úr stjórn eru Linda, en hún á ekki lengur börn í skólanum, Þorsteinn Óli, Þórstína Hlín og Nína.

Nýja stjórn skipa:

Pétur Heimisson

Karl S. Lauritzson

Jóhanna Margrét Agnarsdóttir

Sigrún Þorsteinsdóttir

Jóhann Jóhannsson

Ólafur Þorkell Pálsson (varamaður)

5. Umræður: -Góðar umræður sköpuðust um hlutverk foreldra á foreldrarölti, og virkni foreldra almennt. Fundarmenn eru sammála um það að þó að börnin séu komin í menntaskóla þurfi þau aðhald og áhugi forelra skipti þar máli. – Foreldrar ánægðir með foreldraröltið og töldu það mikilvægt sem stuðningsnet fyrir börnin okkar, en þó eru ekki nógu margir foreldrar virkir og kom fram sú frábæra hugmynd að virkja alla foreldra með því að boða fólk á röltið. Nánari útfærsla á þessu verður í höndum stjórnar. Með þessu

móti geta foreldrar ekki skorast undan að leggja sitt að mörkum og vinnan dreifist á fleiri hendur. – Rætt um forvarnir og það sem komið hefur fram í fréttum undanfarið að ástandið á kanabisreykingum meðal ungmenna hafa aukist og hvernig megi sporna við þeim. – menn eru sammála um það að samvinna foreldrafélaga og fræðsla um þessi mál séu góður kostur. Komu fram áhyggjur foreldra af þessum málum og vilji til að fræðast um forvarnir. -Einnig rætt um tímasetningar á skólaböllum og hvort það væri til bóta að þau myndu byrja fyrr.

Fleira ekki rætt, þar sem þetta er síðasti fundurinn minn sem ritari þakka ég fyrir gott samstarf og óska nýrri stjórn velfarnaðar.

Fundi slitið: ritari Nína Midjord.

---

---

## Fundur í Foreldra- og hollvinafélagi Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 7. febrúar 2012 kl. 17:00 í húsnæði skólans.

Mættir voru, Pétur Heimisson formaður sem stýrði fundi, Karl S. Lauritzson meðstjórnandi, Helgi Ómar Bragason skólameistari og Aldís Anna Þorsteinsdóttir formaður nemendafélags ME.

Þrátt fyrir að fáir aðalfulltrúar hafi mætt, var löglega boðað til fundarins og með nægum fyrirvara.

Upplýst var, að fundargerð síðasta fundar væri aðgengileg á netinu en ekki tekin formleg afstaða til hennar að svo stöddu.

Skil á valkvæðum styrkjum foreldra til félagins hafa gengið vonum frammar en tekin var upp sú nýbreytni, að styrkbeiðnin var send í heimabanka foreldra. Staða sjóðsins er sterk, inneign rúmar 91.000 kr. og von á frekari styrkjum.

Helgi Ómar upplýsti að Barkarballið yrði n.k. föstudag.

Stjórnarmenn óskuðu eftir hugmyndum um hvernig félagið gæti komið að verkefninu „Heilsueflandi skóli“. Ýmsar hugmyndir ræddar, m.a. hvernig hægt væri að auðvelda nemendum að neyta ávaxta á skólatíma.

Félagið lýsti sig reiðubúið að koma að dagskrá opinna daga skólans í lok febrúar og óskaði eftir hugmyndum þar um.

Ekki var fleira tekið fyrir og fundi slitið 18:20. Fundargerð ritaði Karl S. Lauritzson.

